# Fundargerð.
## *Stjórnarfundur nr. 41.*

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í Stekkjarvík fimmtudaginn 9. desember 2010 kl:15:30. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson og Vignir Kjartansson.

**Dagskrá**

1. Skoðunarferð um svæðið.
2. Formleg opnun urðarstaðarins í Stekkjarvík.
3. Önnur mál.

1. **Skoðunarferð um svæðið.**

Farinn var vettvangsferð um svæðið og framkvæmdir skoðaðar. Héraðsverk er búið að fullklára sjálft urðunarhólfið. Eftir er að fullklára girðingu í kringum svæðið og frágang vega. Smíði og frágangur á þjónustuhúsi og vigt er á lokastigi. Að skoðunarferð lokinni bauð Norðurá bs. starfsmönnum Héraðsverks, Stíganda og öðrum sem voru að vinna á svæðinu til móttöku þar sem Magnús þakkaði fyrir gott samstarf og vel unnin verk á öllu því sem lokið er.

2. **Formleg opnun urðarstaðarins í Stekkjarvík.**

Fannar Viggósson er kominn til starfa og vinnur nú að ýmsum undirbúningi vegna opnunnar staðarins. Ákveðið að taka staðinn formlega í notkun föstudaginn 7. janúar og bjóða þá fulltrúum sveitarfélaganna og þeim sem komið hafa að hönnun og gerð staðarins til vígslu og kynningar.

3. **Önnur mál**

Enginn.

Fundi slitið kl. 17:00

Magnús B. Jónsson　　　　　　　　　　Einar E Einarsson

Vignir Kjartansson